Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

# S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 1 6.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1916.

## S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Eldiviður | 818 1/2 | hestburðir | |
| Birgðir frá f. ári | 279 | " | 1097 1/2 hestb. |
| Selt á árinu | 483 1/2 | " | |
| Eldiv. skógarvarðar | 144 | " | |
| Til bygginga | 8 | " | |
| Flutt niður að Fnjóská | 300 | " | 935 1/2 " |
| Birgðir í skóginum um áramót | | | 162 hestb. |

Auk þessa hafa verið höggnir 192 raftar, til voru 22 frá f. ári, sem gerir samtals 214 rafta. Hér hafa verið seldir 31, hafðir til húsa og girðinga 33, sem gerir 64 rafta. Til eru fyrirliggjandi í skóginum 150 raftar, um nýjár. Ennfremur hafa verið höggnir fáeinir klyfberabogar og lítið eitt af öðrum efnivið, sem selt hefir verið á árinu, en ekkert af því er fyrirliggjandi nú um áramótin

## G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

| | | |
|---|---|---|
| Birki | 1200 | stk. |
| Reyniviður | 156 | - |
| Lerki | 150 | - |
| Alls | 1506 | stk. |

Af þessum plöntum hafa verið afhentar án endurgjalds 700 plöntur til skógræktarstjórans, í haust og vor 300 plöntur til frk. Halldóru Bjarnadóttir á Akureyri. Vegna fádæma harðinda og snjóa fram eftir öllu sumri, varð ekkert af plöntusendingum komið með skipi í vor.

Dreifplantað var:

| | | |
|---|---|---|
| Birki | 2160 | stk. |
| Reynir | 310 | - |
| Lerki | 2850 | - |
| Alls | 5320 | stk. |

Einnig var þar sáð 2 kg. af reyniviðarfræi.

## G r ó ð u r s e t n i n g:

Í skóginum hafa verið gróðursettar 1ooo fjallafuruplöntur úr græðireitnum bæði við Dælarhúsin og Blómsturvelli.

Ennfremur hafa verið grafnar rásir á Flatagerði 5o að tölu, hver 6o metra á lengd, sem eru ætlaðar til gróðursetningar á næsta vori.

## Ý m i s l e g t:

Í skóginum var safnað í haust um 14 kg. af birkifræi sem geymt er hér.

Þetta árið hefir vöxtur í skóginum verið sæmilegur, og sömuleiðis í græðireitnum. Síðari hluta ágústmánaðar fór lítið að verða vart við skógarmaðk í skóginum og græðireitnum, en ekki gerði hann neitt verulegt tjón að þessu sinni, en ekki er ólíklegt að hann verði meiri næsta ár og geri þá skaða, einkum í græðireitnum. Þó verður mikið undir tíðarfarinu komið hverja útbreiðslu maðkurinn kann að fá, eða hve mikinn skaða hann gerir

Trén í þeim tveim reitum, sem mæld voru í októbermánuði 1913, voru aftur mæld í októbermánuði í haust, og mældist mér þvermál trjánna þannig:

**Í reit I.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1/2 cm. | er | 1 | tré |
| 1 - | - | 1 | - |
| 1 1/2- | - | 2 | - |
| 2 - | - | 3 | - |
| 2 1/2- | - | 9 | - |
| 3 - | - | 2o | - |
| 3 1/2- | - | 18 | - |
| 4 - | - | 21 | - |
| 4 1/2- | - | 8 | - |
| 5 - | - | 8 | - |
| 5 1/2 - | - | 8 | - |
| 6 - | - | 4 | - |
| 6 1/2- | - | 4 | - |
| 7 - | - | 3 | - |
| 7 1/2- | - | 5 | - |
| 8 - | - | 4 | - |
| 8 1/2- | - | 1 | - |
| 9 - | - | 1 | - |
| 1o - | - | 1 | - |
| 1o 1/2- | - | 1 | - |
| 11 1/2- | - | 2 | - |
| 12 - | - | 1 | - |
| 13 - | - | 1 | - |
| 14 - | - | 1 | - |
| Samt. | | 128 | tré |

Meðalhæð trjánna 4.2 m.

**Í reit II.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 1/2 | cm. eru | 1 | tré |
| 2 | - - | 7 | - |
| 2 1/2 | - - | 12 | - |
| 3 | - - | 15 | - |
| 3 1/2 | -- | 19 | - |
| 4 | - | 15 | - |
| 4 1/2 | - | 16 | - |
| 5 | - | 14 | - |
| 5 1/2 | - | 2o | - |
| 6 | - | 19 | - |
| 6 1/2 | - | 27 | - |
| 7 | - | 8 | - |
| 7 1/2 | - | 7 | - |
| 8 | - | 7 | - |
| 8 1/2 | - | 6 | - |
| 9 | - | 3 | - |
| 9 1/2 | - | 2 | - |
| 1o | - | 4 | - |
| 1o 1/2 | - | 1 | - |
| Samt. | | 2o3 | tré |

Meðalhæð trjánna 4.8 metr.

Vöglum 16. jan 1917.

Stefán Kristjánsson.